

✉ Re: Ósk um umsögn - Úthlíð 2 - askbr. 2103021 -

Búið til	10.2.2022 17:32:14
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.2.2022 17:32:14
Tilheyrir	📁 202201-0039 - Úthlíð 2, aðalskipulagsbreytingar við frístundarsvæði.

Efni

Re: Ósk um umsögn - Úthlíð 2 - askbr. 2103021 -

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	10.2.2022 17:32:14	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stella@utu.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202201-0039 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs., dags. 6. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að aðalskipulagsbreytingu sem tekur til frístundasvæðis í landi Úthlíðar og varðar skilgreiningu á svæði fyrir verslun og þjónustu inni í frístundabyggðinni.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna sama máls þann 20. apríl 2021 þar sem kom fram að svæðið væri í Úthlíðarhrauni sem er nútímahraun og nýtur verndar samkvæmt 61 gr. náttúruverndarlaga. Hraunið er skógi vaxið og fram kemur á bls. 3 að skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar flokkast svæðið sem L14.3 skógrækt og ofan til á svæðinu sem birkiskógur L11. Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra njóta einnig sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Í þessari sömu grein náttúruverndarlaga stendur jafnframt "Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til". Náttúrufræðistofnun benti á að gera þyrfti grein fyrir nauðsyn þess að raska nútímahrauni og birkiskógi sem njóta sérstakrar verndar.

Þá var bent á að sýna þyrfti nákvæmara kort með afmörkun lóða og að taka þyrfti fram hvort nýja verslunar- og þjónustusvæðinu fylgdi bílastæði eða ekki.

Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu er tilgreint á korti staðsetning áætlaðs verslunar- og þjónustusvæðis og einnig lína vegs sem liggur að svæðinu. Fram kemur að landnotkun þriggja lóða verði breytt úr frístundabyggð í verslun og þjónustu. Fram kemur að svæðið sé á forsögulegu hrauni sem njóti verndar en metið er sem svo að hraunið á svæðinu sé raskað með uppbyggingu frístundabyggðar og vega. Ljóst er að ný vegtenging mun að hluta fara yfir óraskað hraun sem þar að auki er víða vaxið birkikjarri en kjarrskógavist er metin með hátt verndargildi (Kjarrskógavist | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/greinar/kjarrskogavist>)) og bæði hraunið og birkiskógurinn njóta sérstakrar verndar.

Náttúrufræðistofnun telur að þótt hluta hraunsins og skóglendisins hafi sannarlega verið raskað nú þegar í frístundabyggðinni liggur áætlað verslunar- og þjónustusvæði í norðurjaðri frístundabyggðarinnar og norðan og vestan við áætlað verslunar- og þjónustusvæði er hraun og skóglendi að mestu óraskað. Með því að skilgreina nýja vegtengingu í vestur frá verslunar- og þjónustusvæðinu er verið að stækka raskaða

svæðið lengra til norðurs. Náttúrufræðistofnun telur ekki að sú tenging sé mjög nauðsynleg og frekar ætti að horfa til þess að leggja göngustíg sem fellur vel inn í umhverfið en akveg og láta núverandi vegtengingu nægja. Þannig má draga mjög úr áætluðu raski.

Ekki er minnst á bílastæði og því óljóst hversu stór hluti af þeim sex hektörum sem áætlaðir eru fyrir uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæðisins verður ætlaður undir þau.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum málsins t.d. við gerð deiliskipulags.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stella Rúnarsdóttir" <stella@utu.is>

To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is"

<axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>;

"sigrun@hsl.is" <sigrun@hsl.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>

CC:

Subject: Ósk um umsögn - Úthlíð 2 - askbr. 2103021 -

Date: 6.1.2022 15:12:24

Góðan dag

Óskum hér eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis í landi Úthlíðar.

Tillagan er í auglýsingu til 11.febrúar 2022.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bestu kveðjur,

Stella Rúnarsdóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbraut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: stella@utu.is (<mailto:stella@utu.is>)

Vefsíða: www.utu.is (<http://www.sbf.is/>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)

